

Viðbragðsáætlun Kirkjubólís

vegna alvarlegra slysa eða andláts.



Viðbragðsáætlun Kirkjuból

vegna alvarlegra slysa eða dauðsfalla.

Mikilvæg símanúmer !!!

Sími Kirkjuból	591-9360
Neyðarsími leikskólastjóra	617-1565
Neyðarsími – lögregluaðstoð, sjúkrabíll	112
Heilsugæsla Garðabæjar	513-5500
Slysadeild LHS	543-2000
Skiptiborð LHS	543-1000
Lögreglan	444-1000
Vídalínskirkja	565-6380
Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir	822-8865
Sr. Henning Emil Magnússon	663-6606
Sr. Hans Guðberg Alfreðsson	898-9701
Félagsþjónustan í Garðabæ	525-8500
Félagsráðgjafi	525-8562
Rauði krossinn í Garðabæ	565-9494
Áfallamiðstöð LHS	543-2085

Góð ráð til að hafa í huga við áfall eða sorg

- * Þegar áfall eða sorg ber að dyrum þá er mikilvægt að allir hafi í huga nærgætni, trúnað og þagnareið**
- * Mestu máli skiptir hlýtt hjarta, faðmlag og virk hlustun**
- * Verum minnug þess að sýna atburðinum virðingu án þess að dvelja of lengi við áfallið**
- * Nota fjölbreytilegar aðferðir til þess að hjálpa börnunum við að vinna úr tilfinningum sínum t.d. í gegnum leik eða sköpun**
- * Nota opin hreinskilin og einlæg tjáskipti við börnin, sem eru í samræmi við aldur þeirra og þroska. Forðast líkingarmál og huglægar útskýringar**

- * Gott er að muna V- in okkar þrjú:
VIRÐING
VINÁTTA
VÆNTUMÞYKJA**

Í viðbragðshópi leikskólans eru:

Ásta Kristín Valgarðsdóttir, leikskólastjóri sími 617-1565

Anna Kristín Sveinsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri

Elín Ósk Þorsteinsdóttir, sérkennslustjóri

Viðbrögð við áföllum tengdum börnum

Ef barn veikist eða slasast alvarlega í leikskóla

- * Hringja í 112, segja hvar við erum, hvað kom fyrir og hver hringir.
- * Leikskólastjóri eða deildarstjóri hringir strax í foreldra/ forráðamenn.
- * Einn eða fleiri starfsmenn sinna barninu, annar starfsmaður sækir sjúkratösku og teppi (taskan og teppið er í skáp á kaffistofu starfsmanna) ef þarf.
- * Sá sem hringir í foreldra/forráðamenn barnsins, þarf að muna að kynna sig og segja hvaðan hún/hann er að hringja, lýsa atburði og hvernig líðan barns er og hvert sé verið að flytja barnið, hvaða spítala (bráðamóttöku eða slysadeild)
- * Ef flytja þarf barn á sjúkrahús og ekki næst í foreldra/forráðamenn áður, fer einn starfsmaður með barninu í sjúkrabílnum og tekur með sér bráðablað barnsins.
- * ATH. að benda foreldrum/forráðam. á að fá einhvern til að keyra sig eða taka leigubíl. Það er ekki gott að keyra sjálfur eftir að hafa fengið slæmar fréttir.
- * Ef um hótun og/eða líkamsmeiðingar gagnvart börnum og/eða starfsfólki er hringt strax í lögregluna.

Ef um alvarlegt slys er að ræða, fundar viðbragðshópur eftir að barn kemst undir læknishendur.

- * Aðilar úr viðbragðshópi ræða við starfsfólk og greina frá slysinu.
- * Deildarstjóri ásamt einum aðila úr viðbragðshóp ræða við börn á deildum sem tengjast málinu.
- * Leikskólastjórnendur reyna að sjá til þess að enginn fari heim með rangar eða misvísandi upplýsingar um neinn þátt málsins. Í því sambandi gæti þurft að senda bréf með helstu upplýsingum heim með börnunum eða hringja.

Ef um alvarlegt slys er að ræða er haldinn fundur með starfsfólki skólans og farið yfir atburðinn.

Leikskólastjóri eða staðgengill hans sér eingöngu um að ræða við fjölmiðla ef þeir óska eftir viðtali um slysið.

Slys sem verða utan skólatíma.

- * Viðbragðshópur fundar og ákveður hvernig bregðast skuli við.
- * Starfsfólki og börnum (fer eftir aldri barnanna) er tilkynnt um slysið.

Næstu dagar:

- * Deildarstjóri fái upplýsingar um líðan barnsins og miðli þeim áfram til starfsmanna og barna.
- * Sýna atburðinum virðingu án þess að velta sér upp úr honum, deild barnsins sendir kveðju.

Þegar barnið kemur aftur í leikskólann

- * Undirbúa þarf börn og starfsfólk deildar undir það hvernig tekið skal á móti barninu, það auðveldar barninu endurkomu
- * Starfsfólk deildarinnar veitir barninu sérstaka athygli næstu vikur.

**Viðbragðshópur leikskólans samanstendur af:
leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra.**

Langvinnur sjúkdómur/alvarleg veikindi barns.

ATH! Allar aðgerðir leikskólans eru bornar undir viðkomandi forráðamenn til samþykkis og þeir hafðir með í ráðum frá upphafi.

- * Starfsfólki viðkomandi deildar er greint frá því ef barn þarf að vera lengi frá leikskóla vegna alvarlegra veikinda, sem jafnvel geta leitt til dauða.
- * Viðbragðshópur ásamt forráðamönnum barns ræða saman um hvernig taka skuli á málinu.
- * Athuga skal hvort heimsóknir séu mögulegar eða heppilegar (fyrir starfsfólk deildar)
- * Sýna veikindunum virðingu án þess að velta sér upp úr þeim. Börnin á deildinni geta búið til kveðju og sent barninu.

Þegar barn kemur aftur í leikskólan.

- * Undirbúa skal börnin á deildinn í samráði við foreldra/forráðamenn þegar barnið er væntanlegt aftur í leikskólann. Það getur auðveldað barninu að koma aftur.
- * Allt starfsfólk leikskólans fylgist vel með barninu næstu vikur.

Andlát barns.

ATH!! Allar aðgerðir leikskólans eru bornar undir foreldra/forráðamenn til samþykkis og þeir hafðir með í ráðum frá upphafi.

Fyrstu viðbrögð í skólanum.

- * Leikskólastjóri sér um að afla staðfestra upplýsinga hjá presti.
- * Fáir leikskólastjóri upplýsingar um andlátíð utan skólatíma, er æskilegt að allir starfsmenn fái vitneskju um atburðinn áður en næsti skóladagur hefst.
- * Viðbragðshópur kallaður saman (auk prests) á stuttan fund þar sem rætt er um fyrstu viðbrögð.
- * Gæta skal þess að ef náin ættingi er innan leikskólans að hann fái fregnina sérstaklega, **ekki yfir hópinn.**
- * **Deildastjórar tilkynna andlátíð á sínum deildum. Mikilvægt er að allir fái fregnina samtímis.**
- * Fáni dreginn í hálfu stöng þegar búið er að láta alla vita innan skólans. Gott er að kveikja á kerti.
- * Gott væri að útbúa sorgarkassa sem væri með kerti og eldspýtum og kannski litlum myndaramma. Kassinn væri geymdur inn í undirbúningsherbergi.

Það sem þarf að gera innan skólans þennan dag.

- * Börnunum gefið tækifæri á að ræða um atburðinn. Starfsmenn passi að vanda orðaval vel og fari ekki út í miklar skýringar á atburðinum. Leyfa börnunum að koma með eigin sögur.
- * Forráðamönnum allra barna innan leikskólans er tilkynnt um atburðinn.
Það gera eingöngu leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastj. og deildarstjórar.
- * Deildin útbýr samúðarkveðju.

Mikilvægt er að leikskólastjóri kanni hvaða börn eru ekki í leikskólanum þennan dag, svo hægt sé að hringja í foreldra/forráðamenn þeirra.

- * Í lok dagsins fundar viðbragðshópur þar sem farið er yfir stöðuna og áætlanir gerðar um næstu daga.
- * Fulltrúar leikskólans fara í heimsókn til aðstandenda barnsins með samúðarkveðjur (gjarnan unnið í samvinnu við prest) næstu daga á eftir.
- * Mikilvægt að starfsfólk fái líka stuðning og hjálp.
- * Starfsmönnum deildar barnsins gefin kostur á að fara við jarðarförina.

Viðbrögð við áföllum tengd aðstandendum barns.

Alvarleg veikindi, slys eða dauðsfall aðstandenda barns.

Fyrstu viðbrögð leikskólans:

- * Leikskólastjórnendur fá staðfestingu á atburðinum hjá forráðamanni eða prest.
 - * Gæta skal þess að ef náin vinur eða skyldmenni hins veika eða slasaða er í leikskólanum að sá fái fregnina sérstaklega, ekki yfir hópinn.
 - * Upplýsingum komið til deildastjóra, auk annara sem málið varða.
 - * Viðbragðshópur fundar um málið og í samráði við forráðamenn barnsins er ákveðið hvernig unnið skuli að málinu.
 - * Aðilar úr viðbragðshópi í samráði við forráðamenn, aðstoða deildarstjóra við að undirbúa deildina undir það að barnið komi aftur, það getur auðveldað barninu endurkomuna.
- * Ef um dauðsfall er að ræða fær leikskólastjóri upplýsingar um atburðinn hjá prest.**
- * Deildastjóra viðkomandi barns er tilkynnt um andlátíð.
 - * Ef náinn vinur eða aðstandandi hins látna er í vinnu eða námi við leikskólann er viðkomanda tilkynnt sérstaklega um andlátíð, ekki yfir hópinn.
 - * Viðbragðshópur kallaður saman (auk prests) þar sem ákveðin eru fyrstu viðbrögð leikskólans.
 - * Deildarstjórar tilkynna starfsfólki leikskólans atburðinn samtímis.
 - * Deildin útbýr samúðarkveðju. Leikskólinn sendir samúðarkveðju til barnsins og fjölskyldu þess.
 - * Aðilar úr viðbragðshópi aðstoða deildarstjóra við að undirbúa deildina fyrir endurkomu barns, það getur auðveldað barninu að koma aftur.
 - * Allt starfsfólk leikskólans fylgist vel með líðan barnsins

Viðbrögð við áföllum tengd starfsfólki skólans.

Alvarleg veikindi eða slys starfsmanns leikskólans.

- * Leikskólastjóri í samráði við starfsmann og/ eða aðstandendur hans ákveða hvort og þá hvernig tilkynna eigi starfsfólki og börnum um veikindin eða slysið.
- * Viðbragðshópur kemur saman og hjálpar til við að tilkynna um atburðinn ef þess er þörf.

Andlát starfsmanns (maka eða barns starfsmanns)

- * Leikskólastjóri leitar upplýsinga um andlátið t.d. hjá presti.
 - * Leikskólastjóri upplýsir allt starfsfólk skólans um andlátið og sér um að tilkynna þeim sem fjarri eru.
 - * Ef nánin vinur eða skyldmenni eru innan skólans ber að tilkynna þeim andlátið sérstaklega.
 - * Viðbragðshópur í samráði við aðstandendur starfsmanns og/eða prest funda um hvernig og/eða hverjum eigi að tilkynna andlátið, utan starfsmanna leikskólans (t.d. foreldrum barna leikskólans)
 - * Leikskólinn sendir samúðarkveðju til aðstandenda, og gefur starfsmönnum kost á að vera við jarðaförina.
- * Komi upp sá atburður að fjölmiðlar vilji fá upplýsingar um slysið eða dauðsfallið er það alfarið í höndum leikskólastjórnenda í samráði við aðstandendur hins látna hvort eða hvaða upplýsingar eru gefnar.**

Janúar 2010

Endurskoðuð og yfirfarin í mars 2020 af leikskólastjóra